

177

16. sept.

C. ALMENN ÁKVÆÐI

21. gr.

Brot á reglugerð.

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 1000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar, skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

Sektir renna í ríkissjóð.

22. gr.

Málsókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. september 1939.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

178

19. sept.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð 9. september 1939, um sölu og úthlutun
á nokkrum matvörutegundum.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 37, 12. júní 1939, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Síðasta málsgrein 11. gr. reglugerðar 9. september 1939, um sölu og úthlutun á nokkrum matvörutegundum „Ennfremur ... stofnunum“ falli burt.

2. gr.

Aftan við 12. gr. sömu reglugerðar bætist: Hreppsnefndir og bæjarstjórnir afhenda matsöluhúsum, sjúkrahúsum og öðrum svipuðum stofnunum ávisanir til innkaupa á þeim skömmtunarvörum, sem þau kunna að nota. Skömmtunarskrifstofa ríkisins er heimilt að ákveða, ef ástæða þykir til, hve mikið skuli úthluta af skömmtunarvörum til þessara stofnana í hlutfalli við fyrri notkun.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Í ríkisstjórn Íslands, 19. september 1939.

Eysteinn Jónsson.

Ólafur Thors.

Jakob Möller.

Hermann Jónasson.